

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í nágrannavörslu***

Á fundi borgarráðs þann 22. mars sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um hvort Reykjavíkurborg sé enn þátttakandi í því nágrannavörsluverkefni sem komið var á laggirnar í samstarfi við íbúa og lögreglu á kjörtímabilinu 2006-2010. Ef svo er þá er óskað upplýsinga um hvaða hverfi eða íbúðargötur hafi tekið upp slíka vörslu. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvort verkefnið hafi verið tekið út og metið hvernig það virkar

Svar:

Reykjavíkurborg er enn þátttakandi í því nágrannavörsluverkefni sem komið var á laggirnar í samstarfi við íbúa og lögreglu á kjörtímabilinu 2006-2010. Verkefnið hefur þó breyst með þeim hætti að nú er það á ábyrgð íbúa að hafa frumkvæði að nágrannavörslu í sínu hverfi og gera það í samvinnu við viðkomandi þjónustumiðstöð.

Dagur B. Eggertsson